



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við setningu  
Alþingis  
14. desember 2017**

Ágætu alþingismenn!

Ég óska ykkur allra heilla í vandasömum störfum. Kjósendur hafa lagt traust sitt á ykkur. Hverju ykkar er falið að fylgja eigin sannfæringu við úrlausn mála og hafa hag þjóðarinnar í fyrirrúmi. Jafnframt eruð þið kjörin á þing undir merkjum stjórnámálflokka. Þar hefur fólk skipað sér í sveit, með sameiginlegar hugsjónir og markmið.

Flokkar á Alþingi eru nú átta og hafa aldrei verið fleiri. Sannarlega er lofsvert að ólíkra viðhorfa gæti hér. Fulltrúaþingið þarf eftir föngum að endurspegla fjölbreytni samfélagsins. Og þingmenn þurfa að takast á með rökum um strauma og stefnur, leiðir til framfara. Rétturinn til ágreinings og ósættis er í raun undirstaða frjálsra samfélaga, frjálsra þjóðþinga. Á öld upplýsingar hélt franskur hugsuðurinn Voltaire þessum sannindum á lofti, eins og kunnugt er. Síðar orðaði enski rithöfundurinn Evelyn Beatrice Hall sjónarmið Voltaires á þann veg að þótt hann væri alveg ósammála fólki vildi hann verja með lífi sínu þann rétt þess að vera á öndverðum meiði. Í stjórnámálum og allri þjóðfélagsumræðu verðum við að geta deilt, hampað eigin sannfæringu og andmælt skoðunum annarra.

Fyrir daga internetsins var almenningi örðugt að tjá sig á opinberum vettvangi. Nú er öldin önnur, sem betur fer, og flestir nýta nýjar leiðir til umræðna sómasamlega. Aðrir kunna sér ekki hóf, því miður. Gagnrýni er eitt, óhróður annað.

Álitamál af þessu tagi vakna sérstaklega þegar gengið er til kosninga og fólk verður kappsfullt. Svo sannarlega þurfa kjósendur upplýsingar um stefnumál flokkanna sem velja má um, kosti frambjóðenda og mat annarra á málflutningi þeirra. En viljum við að mikið beri á auglýsingum, skömmum og

útúrnúningi sem enginn þorir að gangast við? Viljum við að á vettvangi fjölmiðla verði skilin óskýr milli fréttu og áróðurs, milli staðreynda og skoðana þess sem flytur þær? Lengi hefur þótt lítilmannlegt í okkar samfélagi að veða úr launsátri, að villa á sér heimildir.

Víða um heim gætir aukins uggs vegna þeirra áhrifa sem samfélagsmiðlar, upplýsingaveitur og óprúttir valdhafar geta haft á skoðanir fólks, skoðanir fjöldans. Ýmsir óttast að sífellt fleiri festist í fjötrum fordóma og falskra fréttu, gerist þráir og forhertir – frekar en að njóta þess frelsis sem felst í að kynnst fjölbreyttum hugmyndum og ólíkum sjónarmiðum.

Þá er ekki beðið um þol fyrir hverju sem er, að allar skoðanir skuli teljast eins réttáar og allri sannfæringu fórnað í nafni einingar og eftirgjafar. En ég trúi því og treysti að sú sé raunin hér á Íslandi, hér í þingsal, að við viljum ekki kalla alla sem eru okkur ósammála illmenni, að við viljum hlusta á fólk og meta skoðanir þess frekar en að tortryggja þá sem hafa skipað sér í annan flokk, og gefa okkur fyrirfram að úr þeirri áttinni sé einskis góðs að vænta.

Vítin eru til varnaðar. Um fordóma og þröngsýni má til dæmis fræðast í ljóði Jóns úr Vör um konuna gömlu í kofanum. „Ævi hennar þekkti enginn, ætt hennar vissi ei neinn“, kvað skáldið en nóg var samt um hana pískrað. Sjálfur barðist Jón fyrir bættum kjörum alþýðu, var um skeið í félagsskap með kommúnistum en fann sig ekki þar. „Ég er þannig farinn“, sagði hann síðar, „að mér hættir til að sýna að andstæðingar hafi eitt eða annað til síns máls.“

Utan úr heimi má sömuleiðis vitna til þekktra orða andófsmannsins Alexanders Solzhenitsyns sem sat árum saman í fangabúðum kúgara sinna í Sovétríkjunum og mátti með sanni bera illan hug til þeirra. Samt skrifaði hann svo um þá freistingu að skipta mannkyni í vont fólk og gott: „Ef það væri nú bara svona auðvelt! Ef það væru nú bara einhvers staðar vondir menn að gera eitthvað illt af sér, og það væri nauðsynlegt að hafa hendur í hári þeirra, skilja þá frá okkur hinum, og eyðileggja þá. En sú lína, sem greinir gott frá illu, liggur beint í gegnum hjarta hvers manns. Hver vill eyðileggja hluta hjarta síns?“

Ágætu alþingismenn: Hér á þingi ber öllum að hlýða eigin sannfæringu og fólk hefur skipað sér í flokka en hér þarf líka að slá af kröfum, brúa bil, virða ólík sjónarmið.

Um mánaðamótin tók ný ríkisstjórn við völdum. Síðasta áratug hefur fimm sinnum verið gengið til alþingiskosninga. Innan við ár leið milli síðustu tveggja kjördaga. Á þessu ári hafa þrír forsætisráðherrar setið í landinu, það er einsdæmi í lýðveldissögunni. Þótt gott sé að geta kosið reglulega til þings er stöðugleiki einnig æskilegur í stjórnskipulaginu. Nýrri stjórn fylgja óskir um farsæl störf í þágu lands og þjóðar. Þeir þingmenn og flokkar sem að henni standa verða

dæmdir af verkum sínum, og stjórnarandstaðan verður sömuleiðis metin eftir sínum störfum.

Áfram verður því deilt í þessum sal. En þótt rétturinn til ósættis sé mikilsverður – og segja megi að við Íslendingar kunnum vel að nýta hann – höfum við einatt sýnt í verki að við getum staðið saman þegar mikið liggur við. Um skeið höfum við fylgst grannt með eldstöðinni undir Örafajökli. Af reynslu síðustu ára vitum við hvaða usla umbrot undir ísnum geta valdið og frásagnir fyrri alda greina frá mannfalli, búsifjum og eyðingu byggðar. Snjóflóð og aðrar hamfarir þekkjum við líka af biturri reynslu – en andspænis óblíðum náttúruöflum höfum við fundið mátt samstöðunnar. Og þann mátt getum við alltaf nýtt til að bæta okkar samfélag, á öllum sviðum.

Nú á dögum standa vonir til að við séum á tímamótum: Hingað og ekki lengra, heyrst um heim allan. Skömmu fyrir þingsetningu fordæmdu nýkjörnir alþingismenn kynferðislega áreitni og ofbeldi, hvarvetna heyrast sömu raddir. Boðskapurinn er einfaldur og skýr: Hingað og ekki lengra, yfirgangur verður ekki lengur liðinn. Við verðum að hlusta, við verðum að gera betur, við sem búum saman í þessu samfélagi. Hið sjálfsagða er hægt að segja á marga vegu, hér má vitna í prósaljóð Elísabetar Jökulsdóttur skáldkonu:

Það eru allskonar venjulegir menn,  
jafnvel vinir mínir,  
að kvarta undan þessari „me too“ bylgju sem er í gangi.

Þeir segja:

„Ekkert má maður“ og „hvað má eiginlega“  
og „ekkert má maður lengur“.

Við þá vil ég segja, það má ekkert, maður biður um leyfi fyrir öllu:

Má ég sýna þér hvað ég er að skrifa?

Má ég fá tannkremið, má ég fá mjólkina?

Má ég vitna í þig?

Má ég kíkja í heimsókn?

Má ég knúsa þig, má ég fá lánaða húfuna þína?

Og nei þýðir nei. Hér skiptir engu máli í hvaða flokki fólk stendur, málstaðurinn er það sterkur, þörfin það brýn. Þrátt fyrir allt okkar ósætti, allar okkar ólíku hugsjónir, skulum við standa saman um grundvöll okkar samfélags – réttarríki og mannréttindi, víðsýni, umburðarlyndi og einstaklingsfrelsi, samkennd og mannúð, jafnrétti, velferð og vernd allra gegn hvers kyns ofríki og aðkasti.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

Samkvæmt 1. grein þingskapa ber þeim þingmanni, sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki, að stjórna fundi þar til forseti Alþingis hefur verið kosinn. Því bið ég annan þingmann Norðausturkjördæmis, Steingrím J. Sigfússon, að ganga til forsetastóls.